

# SAMÞYKKT

## um búfjánhald í Fjarðabyggð.

### 1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórn og eftirlit með búfjánhaldi í Fjarðarbyggð, koma í veg fyrir ágang á lóðir íbúanna og til verndar gróðri í sveitarfélaginu.

### 2. gr.

Búfjánhald, s.s. nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, geitfjár, kanína, loðdýra og alifugla, er heimilt á lögbýlum í Fjarðabyggð. Búfjánhald utan lögbýla er heimilt með samþykki bæjarstjórnar. Búfjánhald innan þéttbýlismarka sveitarfélagsins er óheimil.

Um fiðurfé gildir samþykkt Fjarðabyggðar um fiðurfé utan skipulagðra landbúnaðarsvæða.

### 3. gr.

Sá sem stunda vill búfjánhald utan lögbýla, sbr. 2. gr., skal senda skriflega umsókn til Fjarðabyggðar á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjár sem halda skal og tegund þess, húsnæði skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012 og það land sem er til umráða og öðru sem máli kann að skipta um öryggi búfjársins og vörslu þess.

### 4. gr.

Telji Fjarðabyggð að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem krafist er veitir hún leyfi til búfjánhalds. Leyfisveiting búfjánhalds skuldbindur þó Fjarðabyggð ekki til að sjá búfjáreigendum fyrir beitilandi handa búfé né leggja þeim til aðra aðstöðu til búfjánhaldsins.

Leyfi til búfjánhalds er veitt til 5 ára í senn. Leyfið er háð gildandi lögum og reglum um búfjánhald eins og þær eru á hverjum tíma og er gefið út á nafn. Leyfið er ekki framseljanlegt. Sá sem fær leyfi til búfjánhalds samkvæmt samþykkt þessari skal hafa búféð í öruggri vörslu og ber hann að öllu leyti ábyrgð á því. Þegar leyfið er veitt skal upplýsa leyfishafa um gildandi reglur um búfjánhald á sérstaklega skipulögðum búfjárbyggðum.

### 5. gr.

Lausaganga stórgripa, hrossa, nautgripa og svína, er bönnuð í Fjarðabyggð. Umráðamaður búfjársins skal halda þeim í gripaheldum girðingum í samræmi við gildandi girðingalög nr. 135/2001 og þar að lútandi reglugerð.

Þeir sem verða fyrir ágangi stórgripa geta tilkynnt slíkt til Fjarðabyggðar sem hefur forgöngu um að láta handsama ágangsgripi.

Sveitarfélagið getur gefið umráðamanni, sé vitað hver hann er, kost á að handsama búfénaðinn tafarlaust en skal að öðrum kosti sjá til þess að láta handsama búfénaðinn og færa í örugga vörslu. Umráðamanni skal tilkynnt um gripi sína og gert að sækja þá og greiða áfallinn kostnað, svo sem vegna tjóns eða kostnað við handsömun. Við ítrekað brot eða hafi umráðamaður ekki hirt um að sækja gripi sína innan tíu daga, er heimilt að svipta viðkomandi leyfi til búfjánhalds. Um ráðstöfun gripa fer eftir lögum um velferð dýra nr. 55/2013. Umráðamaður búfjár ber allan kostnað vegna tjóns sem búfé hans kann að hafa valdið sem og vegna handsömunar, geymslu og fóðrunar þess skv. gildandi gjaldskrá Fjarðabyggðar. Kostnaður er tryggður með lögveði í gripunum.

6. gr.

Sé búfé haldið á lögbyli þar sem ekki er föst búseta, skal umráðamaður þess tilnefna tilsjónarmann sem fylgist með aðbúnaði og ástandi búfjársins sbr. lög nr. 55/2013 um velferð dýra.

7. gr.

Allar lögskipaðar læknismeðferðir á búfénaði, s. s. gamaveikibólusetning, skulu framkvæmdar á ábyrgð umráðamanns búfjár.

Umráðamanni búfjár er skylt að merkja búfé sitt samkvæmt reglugerð nr. 916/2012.

8. gr.

Um fjallskil í Fjarðabyggð fer eftir lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum, svo og ákvæðum í gildandi fjallskilasamþykktum fyrir sveitarfélög á starfssvæði SSA.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal farið samkvæmt ákvæðum laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Dómsmál skulu rekin fyrir Héraðsdómi Austurlands.

10. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Fjarðabyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2013, um búfjárhald., með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

#### *Ákvæði til bráðabirgða*

Þeir sem við gildistöku þessarar samþykktar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir ákvæði til leyfisveitingar skulu sækja um leyfi til búfjárhalds til Fjarðabyggðar innan 12 mánaða frá gildistöku samþykktarinnar.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 17. desember 2019.*

**Kristján Þór Júlíusson**

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.*

---

*Elísabet Anna Jónsdóttir*